



Emilía Lilja R. Gilbertsdóttir

Miðengi 8

800 Selfoss

Borg í Grímsnesi, 20. mars 2024

Efni: Svar við erindi til skólanefndar

## I.

Vísað er til erindis sem þér senduð Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps 10. janúar sl. þar sem spurt um atriði er varða vinnubrögð sveitarstjórnar og sveitarstjóra með tilliti til starfsemi leikskóladeildar Kerhólsskóla. Að mati Skólanefndar er í erindinu um að ræða spurningar er lúta beint að störfum sveitarstjóra og sveitarstjórnar og því undirritaðri falið af sveitarstjórn að svara bréfinu.

## II.

Spurt er út í vinnubrögð sveitarstjórnar er lýtur að stjórnslu sveitarfélagsins

Hlutverk sveitarstjórnar er meðal annars það að vera æðsta stjórnvald hvers sveitarfélags en ásamt því er hlutverkið margþætt en meðal annars ber henni að sinna eftirfarandi þáttum:

- **móta stefnu fyrir starfsemi og rekstur sveitarfélagsins og frambróun þess og hafa eftirlit með því að henni sé fylgt**
- forgangsraða ráðstöfun fjármuna og mannafla sveitarfélagsins,
- taka á álitafnum sem kom upp og varða sveitarfélagið
- hafa samráð og skipuleggja ákvörðunarferla, þ.á m. þátttöku íbúa í ákvörðunartöku.

Framkvæmdastjóri er samkvæmt sveitarstjórnarlögum æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélags, ráðinn af sveitarstjórn.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir um hlutverk skólanefndar í 2. málsgrein 4. greinar:

„Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, **fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar.** Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.“ Þessu til viðbótar koma verkefni nefndarinnar til tals í greinum 11, 14, 28 og 30 í lögum um leikskóla.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,



## GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og **gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,**
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu,
- að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

**Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 um valdsvið nefnda og fullnaðarafgreiðslu mála fer sem hér segir:**

### **40. gr. Valdsvið nefnda.**

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Hafi nefnd ekki verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélagsins teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

### **42. gr. Framsal sveitarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.**

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Ef fastanefnd er falið vald samkvæmt þessari málsgrein skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er sveitarstjórn heimilt að fela einstökum starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli hennar. **Þessi málsgrein hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðuumboði þeirra.**

Sá starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 2. mgr., eða þriðjungur hlutaðeigandi fastanefndar skv. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi fastanefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Þegar sveitarstjórn nýtir heimildir skv. 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveða á um það í samþykkt sveitarfélagsins hver skuli taka fullnaðarákvörðun í máli skv. 3. mgr. og hvernig skuli fara með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

**Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 fer um stjórnskipan leikskóla sem hér segir:**

### **4. gr. Sveitarfélög.**

**Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahlalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra**



## GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

**leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, skólaþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahlald í sveitarfélagi** og kynna fyrir íbúum þess. Börnum skal veitt tækifæri til að taka þátt í gerð stefnunnar.

Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarfélög skulu tryggja að þjónusta leikskóla sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna.

### III.

#### Niðurlag

Grímsnes- og Grafningshreppur rekur metnaðarfullt starf leik- og grunnskóla við skólastofnun sveitarfélagsins Kerhólsskóla. Skóladagatal leikskóladeildar er með öðrum hætti en skóladagatal grunnskóladeildar og er það ákvörðun sveitarstjórnar að bjóða þá þjónustu sem felst í því að hafa leikskólann opinn sem nú er. Sveitarstjórn hefur fullnaðarákvörðunarvald í málaflokknum.

Grímsnes- og Grafningshreppur greiðir starfsfólki sveitarfélagsins samkvæmt lögbundnum kjarasamningum, kjör einstakra starfsmanna eru ekki rædd á öðrum vettvangi en þar sem viðkomandi starfsmaður er viðstaddur og að hans beiðni.

Að mati undirritaðrar er þeim fyrirspurnum sem fram koma í erindi þínu svarað með ofangreindu. Sé frekari svara óskað verða þau fúslega veitt, verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,  
  
SVEITARSTJÓRI  
GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPS